

Nd.

318. Nefndarálit

[133. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á einum fundi. Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. án breytinga en 1. minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar sem beiti sér fyrir endurupptöku málsins og eflingu Landssmiðjunnar á öðrum og haldbetri forsendum en felast í þessu frumvarpi.

Undirritaður telur eðlilegt að rekstur Landssmiðjunnar verði endurskipulagður í framhaldi af miklu undirbúningsstarfi á undanförunum fimm árum. Markmið þeirrar endurskipulagningar á að vera að treysta stöðu fyrirtækisins, m. a. með því að veita starfsmönnum beina hlutdeild í Landssmiðjunni ásamt ríkinu. Eðlilegt væri að ríkið ætti, a. m. k. fyrst um sinn, meiri hluta í félagi sem stofnað yrði um rekstur Landssmiðjunnar en allir starfsmenn fyrirtækisins hverju sinni ættu kost á eignaraðild og hlutdeild í hagnaði að ákveðnu marki.

Innan Landssmiðjunnar hefur á liðnum árum þróast samstarf stjórnenda og starfsmanna sem miklu hafa ráðið um þróun og rekstur fyrirtækisins í samvinnu við iðnaðarráðuneytið. Sérstök samstarfsnefnd var stofnuð innan Landssmiðjunnar árið 1974 og hefur hún haft víðtækara starfssvið en aðrar samstarfsnefndir innan ríkisfyrirtækja, m. a. ákvörðunarvald um vissa þætti í rekstri smiðjunnar. Væri eðlilegt að byggja á þessari reynslu og stíga nú nýtt skref með því að heimila beina aðild starfsmanna að Landssmiðjunni en ríkið yrði áfram burðarás í fyrirtækinu. Slíkt væri í fullu samræmi við þá iðnaðarstefnu sem samþykkt var einróma á Alþingi 3. maí 1982, en þar er tilgreint meðal markmiða:

„Að bæta starfsskilyrði og auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum í samráði við samtök launafólks og atvinnurekendur í iðnaði.“

Um leiðir til að ná þessu marki segir m. a. í þessari þingsályktun um iðnaðarstefnu:

„Stjórn á iðnrekstri ríkisins verði samræmd og gerð markvissari með tilliti til iðnþróunar. Þannig verði skipulagslegt forræði slíks iðnaðar í höndum aðila er hafi fjárhagslegt bolmagn til að undirbúa og standa fyrir arðvænlegum nýiðnaðarverkefnum. Jafnframt verði almenningi gefinn kostur á að gerast beinn eignaraðili að iðnfyrirtækjum.“

Á vegum Landssmiðjunnar hefur verið unnið að þróunarverkefnum, m. a. tilrauna- verkefni með nýja gerð fiskimjölsverksmiðju, sem nú eru skilin eftir í algjörrri óvissu um framhald. — Þá hefur Landssmiðjan veitt fyrirmyndarþjónustu á ýmsum sviðum málmíðnaðar og aflað sér traustra viðskiptasambanda innanlands og erlendis. Afkoma fyrirtækisins hefur lengst af verið viðunandi og það oft skilað umtalsverðum hagnaði.

Í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis í maí 1984 (þskj. 1036) sagði m. a. um rekstur Landssmiðjunnar:

„Rekstur Landssmiðjunnar gekk sæmilega á áru 1983 og varð hagnaður af starfsemi 4 m. kr., samanborið við 220 þús. kr. hagnað 1982... Velta fyrirtækisins í iðnrekstri jókst um 75.8% frá árinu 1982 og velta verzlunar um 59%... Árið 1983 störfuðu að jafnaði 74 starfsmenn hjá fyrirtækinu.“

Í greinargerð með frv. er m. a. talið að auka megi sölu með því að endurskipuleggja aðstöðu og starfsháttu og að raunhæfir möguleikar séu á að auka framleiðni í fyrirtækinu.

Engin frambærileg rök hafa komið fram um að hagkvæmt sé fyrir ríkið að afsala sér hlutdeild í Landssmiðjunni á þann hátt sem gert er ráð fyrir með frumvarpinu. Þvert á móti er líklegt að ríkið bíði af því beint fjárhagslegt tjón, auk þess sem óvissa er um getu hins fyrirhugaða hlutafélags til að tryggja þróun og rekstur smiðjunnar til frambúðar.

Í þessu sambandi er rétt að benda á þá fjármuni sem lagðir hafa verið í nýbyggingu að Skútuvogi 7 og hlutafélagið yfirtekur ekki skv. kaupsamningi. Það fé, sem í henni er nú þegar bundið, nemur um 66 m. kr. og fyrir lá endurskoduð áætlun frá ágúst 1983 um að nýta aðstöðuna til áfangalausnar á húsnæði fyrir Landssmiðjuna. Í umræðum hér á Alþingi um frv. hefur fjármálaráðherra gefið í skyn að mikil óvissa sé um að ríkið geti selt þessa eign fyrir sannvirði og jafnvel líklegt að hún verði seld fyrir lítið brot af skráðu verðmæti.

Þá liggur það fyrir að skv. stofnsamningi fyrir Landssmiðjuna hf. að aðeins 22 af yfir 70 starfsmönnum í fyrirtækinu hafa gerst hluthafar og engin trygging er fyrir að væntanlegir eigendur verði áfram starfsmenn eða hlutur þeirra haldist hjá starfsmönnum innan smiðjunnar. Hér er því verið að stofna venjulegt hlutafélag með innan við þriðjung af

núverandi starfsmönnum sem hluthafa, og nokkur deilumál hafa raunar þegar risið um réttindi þess fólks sem gert er ráð fyrir að hætti störfum með tilkomu nýrra eigenda.

Að mati 1. minni hl. hefði átt að taka á þessu eignaraðildarmáli starfsmanna með allt öðrum hætti þar sem m. a. hefði verið tryggt að allir fastráðnir starfsmenn ættu sameiginlega hlut í fyrirtækinu og sá hlutur héldist áfram í höndum starfsmanna þess.

Með tilliti til ofangreindra atriða og í trausti þess að stjórnvöld endurskoði mál þetta frá grunni fyrir næsta reglulegt Alþingi leggur undirritaður til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 17. des. 1984.

Hjörleifur Guttormsson.